

Fjallabyggð



Menningarstyrkir Fjallabyggðar 2014

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Fjallabyggðar fyrir árið 2014, var tillaga markaðs- og menningarnefndar frá 2. fundi 4. nóvember 2013 og bæjarráðs frá 322. fundi 12. nóvember, samþykkt á 95. fundi bæjarstjórnar 12. desember 2013.

Tuttugu umsóknir bárust. Úthlutaðir styrkir 2014, nema samtals **kr. 5.300.000.**

Eftirtaldir einstaklingar og félagasamtök hljóta styrk að þessu sinni.

Sigurður Ægisson – 30.000 kr.

Hlýtur rekstrarstyrk vegna vefsíðunnar www.siglufirgur.is

Vinnustofa Abbýjar. Arnfinna Björnsdóttir – 50.000 kr.

Hlýtur styrk vegna sýningarhalds á verkum sínum yfir sumartímann.

Sjálfsbjörg Siglufirði – 75.000 kr.

Hlýtur styrk vegna reksturs vinnustofu.

Gospelkór Fjallabyggðar – 75.000 kr.

Hlýtur styrk til að halda námskeið í gospelsöng sem verður í febrúar/mars.

Kvæðamannafélagið Ríma – 100.000 kr.

Kvæðamannafélagið Ríma hóf starfsemi á 150 ára hátíð Sr. Bjarna Þorsteinssonar, 14. október 2011. Félagið hefur starfað af krafti í tæp tvö ár og m.a. staðið fyrir kvæðamannamótun og stofnun Stemmu Landssamtaka kvæðamanna þann 3. mars 2013.

Félagið hlýtur styrk til að halda hið annað Landsmót kvæðamanna 28. febrúar – 2. mars. Kvæðamenn Stemmu vilja hvergi hittast nema í Fjallabyggð.

Norrænafelegið Siglufirði – 100.000 kr.

Hlýtur styrk til að halda upp tengslum við vinabæi á Norðurlöndunum og taka þátt í vinabæjarmótum.

Ólæti – Lilja Björk Jónsdóttir – 100.000 kr.

Hlýtur styrk vegna tónlistar- og menningarhátíðar ungs fólks. Verður í Ólafsfirði í júlí.

Ungmennafélagið Glói – 120.000 kr.

Hlýtur styrk vegna ljóðahátíðarinnar Glóð sem haldin verður í september/október 2014.

Kór eldri borgara í Fjallabyggð – 120.000 kr.

Hlýtur styrk til að halda kóramót eldri borgara á Norðurlandi.

Kirkjukór Siglufjarðar – 120.000 kr.

Hlýtur styrk vegna söngstarfs.

Félag eldri borgarar á Siglufirði - 120.000 kr.

Hlýtur rekstrarstyrk vegna starfsemi félagsins sem felst í mánaðarlegum fundum yfir vetrarmánuðina og ferðalagi yfir sumartímann.

Kirkjukór Ólafsfjarðar – 120.000 kr.

Hlýtur styrk vegna kórustarf og fyrirhugaðra vor- og jólatónleika á árinu 2014 jafnframt því sem fyrirhugað er að vera með söngnámskeið fyrir kórfélaga.

Félag um Ljóðasetur Íslands – 220.000 kr.

Hlýtur rekstrarstyrk.

Hljóðsmárinn ehf. - 250.000 kr.

Hlýtur rekstrarstyrk vegna útvarpsstöðvarinnar Tröllli fm103.7 Þessi stöð er að stíga sín fyrstu skref á Tröllaskaga og fara vinsældir hennar vaxandi.

Leikfélag Fjallabyggðar – 250.000 kr.

Hlýtur styrk vegna uppsetningar á nýju leikriti á árinu 2014.

Berjadagar – tónlistarhátíð – 450.000 kr.

Styrkur vegna árlegrar Berjadaga / tónlistarhátíðar í Ólafsfirði í ágúst.

Sjómannafélag Ólafsfjarðar – 500.000 kr.

Hlýtur styrk vegna dagskrá sjómannahelgarinnar í Fjallabyggð.

Jazzklúbbur Ólafsfjarðar – 650.000 kr.

Hlýtur styrk vegna árlegrar blúshátíðar í lok júní 2014.

Þjóðlagasetur – 800.000 kr.

Hlýtur styrk vegna reksturs Þjóðlagasetursins.

Þjóðlagahátíðin – 1.000.000 kr.

Hlýtur styrk vegna árlegrar Þjóðlagahátíðar á Siglufirði. Þjóðlagahátíðin verður haldin sumarið 2014 dagana 2. – 6. júlí. Þetta er fimmtánda þjóðlagahátíðin. Hún verður haldin með líku sniði og undanfarin ár. Hátíðin ber nú yfirskriftina Dragspilið dunar. Harmónikkan verður í öndvegi og koma harmónikuleikarar víða að á hátíðina. Sérstök áhersla verður lögð á franska tónlist og stendur til að franska sendiráðið aðstoði við komu franskra tónlistarmanna á hátíðina. Tónleikar og leiksýningar verða fyrir börn og fullorðna, námskeið verða haldin í tónlist, leiklist og fornu handverki auk þess sem þjóðlagaakademía verður haldin í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar og LHÍ.